

Umskurður og aðrar misþyrmingar beint að kynfærum drengja – birtist í Mb. 19. jan 2021

Misþyrmingar, sem beint er að kynfærum (genital mutilation) drengja, hafa verið stundaðar frá örófi alda. Venjulega er þessi lemstrun útskýrð á grundvelli hugmynda um frjósemi og vígslu (rites de passage). T.d. er líklegt að umskurður (circumcision) drengja eða forhúðarskurður hafi verið stundaður í Egyptalandi í fjögur árþúsund eða svo. Í Gyðingtrú er umskurður tákn um sáttmála Abrahams spámanns við Guð.

Um miðja nítjándu öldina töldu læknar á Vesturlöndum að „lækna“ mætti sjálfsfróun drengja með umskurði, forðast sárasótt (sýfilis) og jafnvel koma í veg fyrir krabbamein síðar á ævinni. Alls konar tól voru auk þess fundin upp til að koma í veg fyrir sjálfsfróun drengja. Í Bandaríkjum Norður-Ameríku (BNA) hófst reglubundinn umskurður barna eftir seinna heimsstríð. Umskurður er algengasta læknaaðgerðin þar í landi. Sveinbörn voru umvörpum umskorin.

Norður-ameríski læknirinn, Paul M. Fleiss, segir: „Reyndar er það svo, að aldrei nokkru sinni í sögu læknafræðinnar hefur lækningamætti einnar aðgerðar verið haldið svo á lofti ...“ Á tíma Viktoríu, drottningar Bretla, „vissu læknar fullvel, að umskurður berskjaldar reðurkollinn og heftir reðinn. Engu að síður lýstu þeir ... yfir, að umskurður læknaði flogaveiki, skjálfta, fílablastur, lömum, berkla, ofnæmisútbrot, undirmigu, taugaveiklun, sefasýki, slæma sjón, þroskaskerðingu og geðveiki.“ ...

„Fæðing sonar í BNA hefur oft og tíðum í för með sér angist og hugarangur. Lagt er að flestum foreldranna að afhenda soninn ókunnugum, sem bak við læstar dyr reyra hann fastan og skera af honum forhúðina. Talsmenn þessa umskurðariðnaðar, sem veltir milljörðum dala á ári hverju, beita sér fyrir hræðsluáróðri og ruglingslegri umfjöllun meðal Ameríkana.“ Forhúð sveinbarna er eftirspurð í líftækni- og snyrtivöruiðnaði.

Aðgerðin er/hefur verið framkvæmd víða meðal ættbálka á Kyrrahafi, Filippseyjum, í Eyjaálfu, Ástralíu og Afríku (og víðar). Um ættbálkana í austanverðri álfunni (Masai, Rendille, Jie, Sambu, Gisu) segir norður-ameríski mannfræðingurinn, David G. Gilmore: Drengirnir eru „hrifnir úr faðmi mæðra sinna í upphafi gelgjuskeiðs. Þeirra bíður blóðugur umskurður, sem gerir þá að körlum í krapinu. Drengirnir verða að gefa sig [umskurðarböðlunum] á vald, án þess að depla auga við sársaukann af völdum hnífsins. Reki snáðinn upp vein, þegar holdið er skorið burt, depli hann auga eða snúi höfði, bíður hans smánin, líf án karlmennsku. Ættstofn hans er einnig smánaður sem vöggustofa aumingja.“

Blóð og sæði var talið búa yfir frjósemis- og töframætti. Í Nýju-Gíneu voru drengirnir til dæmis húðstrýktir og nasir þeirra blóðgaðar með oddhvössum bambusprikum. Að þessum misþyrmingum loknum, var haldið í vígsluskála karlanna. Þar voru drengir ýmist hvattir til eða þvingaðir til að eiga munnmök við karlanna til að innbyrða sæði.

Norður-ameríski mannfræðingurinn, Fritz John Porter Poole, lýsir vígslunni svo: Meðan á henni stóð „þurftu drengirnir að þjást í átakanlegu bjargarleysi, látlausri niðurlægingu, ofþreytu, sífelldu hungri og þorsta, andlegu áfalli, ógnarlegum sársauka, bráðaveikindum (þar með talin ógleði, niðurgangur og sýking) og öðrum áföllum.“ ... „Holdin runnu hratt af þeim öllum og margir þjádust af velgju, niðurgangi, óstjórnlegum þvaglátum, kviðverkjum, þvagblöðrusýkingu, viðþolslausum kuldahrolli. Vígslustreitan jók enn á flest þessara veikinda.“ Á seinna skeiði vígslunnar var drengjunum haldið niðri, forhúð þeirra dregin upp og rist á reðurkollinn (glans).

Landi fyrrnefnds, mannfræðingurinn, Donald F. Tuzin, varð vitni að því, að „[s]kaufar drengjanna voru ristir með bambushnífum og blóðinu safnað í trjálauf, sem stungið var undir börkinn á nálægu tré, miklu að vexti.“

Réttarmeinafræðingurinn, Derrick J. Pounder, lýsir reðurmeiðingu drengja meðal frumbyggja Ástralíu: Völsinn á stálpuðum drengnum er ristur að neðanverðu (subincision), þannig að þvagrásin opnast langsum. Vígslan er endurtekin síðar á ævinni, þegar blóði er látið við trúariðkun.

Geldingar eru einnig alþekktar úr fornri og nýrri sögu og minna um sumt á inngríp í kynþroska unglunga á okkar méli, þ.e. að hefta fullan kynþroska til að „auðvelda“ kynskipti. Það var einnig gert í þeim tilgangi að „varðveita“ rödd drengja. Hugsanlega á gelding þó rætur í gyðjutrúariðkun, þar sem „karlmennskan“ var skorin burt til að tillíkjast gyðjunni. Í fornöld og á miðöldum voru karlkyns verndarar kvennabúranna vanaðir.

Enn er slíkt kynofbeldi gegn drengjum leyft, en áþekkt ofbeldi bannað gegn stúlkum. Frumvarp til laga um bann við umskurði drengja hefur dagað uppi á Alþingi.